

Fyrirkomulag námshópa í Auðarskóla

Ágætu foreldrar og forráðamenn

Undanfarna áratugi hafa nemendur verið í umsjónarhópum sem samanstanda af einum eða tveimur árgöngum (bekkjum). Undanfarin ár hafa bekkjardeildir verið á bilinu 6 – 7.

Skólaárið 2013 – 2014 verður horfið frá þessu fyrirkomulagi og búnir til umsjónarhópar á hverju stigi fyrir sig. Á yngsta stigi verða þrír umsjónarhópar, á miðstigi verða tveir umsjónarhópar og á efsta stigi verða tveir umsjónarhópar. Þótt umsjónarkennarar verði nákvæmlega jafnmargir og í gamla kerfinu felst í því miklu meiri sveigjanleiki til að aðlaga námsaðstæður að þörfum barna.

Umsjónarkennarar á hverju stigi fyrir sig skipta nemendum í umsjónarhópa. List- og verkgreinakennarar koma svo að skiptingu stigsins í list- og verkgreinahópa. Af og til eru hóparnir á stiginu fleiri eða færri en umsjónarhóparnir; það fer eftir námsgreinum. Nemendur eru ekki lengur alltaf í sama hópnum, heldur í fjölbreyttum hópum eftir viðfangsefni hverju sinni; umsjónarhópi, sundhópi, leikfímishópi, smíðahópi, valhópi, íslenskuhópi, stærðfræðihópi og framvegis. Í sumum tilvikum eru hóparnir ekki bundnir af því að vera eins allan veturinn heldur geta breyst.

DÆMI:

Yngsta stig (34) nemendur	Umsjónarhópur I (12 nem.)	Þrír umsjónarkennarar kenna hver um sig 21 stund eða um 70 % af allri kennslu nem. Þeir kenna samtímis og geta því stjórnað hópagerð og röðun bóklegra greina eftir vild.
	Umsjónarhópur II (11 nem.)	
	Umsjónarhópur III (11 nem.)	

- Hópastærðir verða jafnar í stað þess að vera mismunandi eftir árgöngum.
- Möguleiki á lotukennslu eykst, þ.e. kenna eina námsgrein í samfellu. T.d. kenna samfélagsfræði tvo daga í röð til þess að ljúka ákveðnu verkefni.
- Samfella á milli árganga verður markvissari, því kennarar hafa nú yfirsýn í námsgrein yfir fjóra árganga í stað eins.
- Forfallakennsla verður auðveldari því að tveir af þremur kennurum eru við kennslu og setja forfallakennara inn í stöðu mála.
- Neikvætt hegðunarmunstur, sem myndast í bekkjum og er til staðar árum saman, nær ekki sömu fótfestu því hóparnir eru að breytast reglulega.
- Nemendur eru í hópum eftir viðfangsefni og vinatengslum í stað aldurs.
- Möguleikar á kynjaskiptingu í íþróttir verða til.

Hugsanlega er það þannig að nemendur sem lengi hafa verið í sama námshópi kvíði nokkuð aukinni aldursblöndun. Staðreyndin er engu að síður sú að í okkar ágæta samfélagi er aldursblöndun sjálfsögð og börnum eðlislæg. Í Dölum eru börnin mjög aldursblönduð í leik og tómsundum; skátum, fótbolta og fl. Í leikskólanum er aldursblöndun frá því að börnin koma þar fyrst inn. Í félagslífi eldri nemenda er aldursblöndun alls efsta stigs. Á þemadögum, á jólaföndursdag og á vorhátíð Auðarskóla er svo aldursblöndun frá 1. bekk og upp í 10. bekk. Allt hefur þetta gengið vel.

Kynning á nýju fyrirkomulagi fyrir nemendur fer fram nú í vor áður en nemendur fara í sumarfrí og kynning fyrir foreldra og forráðamenn fer fram á starfsdögum skólans í byrjun júní.

Eyjólfur Sturlaugsson
skólastjóri